# ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ HAMAR
ÁRSSKÝRSLA 2022



Forsíða: Hamar fagnar sigri í Kjörísbikarnum með stuðningsmönnum sínum
Ljósmynd: Mummi Lú
Prentun: Prentþjónusta Hveragerðis og nágrennis – Sími 866 1510 – prentun@phon.is

# Íþróttafélagið Hamar 2022

**Starfandi stjórn frá aðalfundi 15.3.2022**
Þórhallur Einisson – Formaður
Íris Brá Svavarsdóttir- Gjaldkeri
Dagrún Ösp Össurardóttir- Ritari
María Rún Þorsteinsdóttir- Meðstjórnandi
Þorsteinn T. Ragnarsson- Meðstjórnandi

Skyndilegar og óvæntar breytingar urðu á stjórn félagsins í byrjun sumars þegar formaður og gjaldkeri félagsins sögðu af sér. Við tók erfitt og skrítið tímabil þar sem töluverð óvissa ríkti og gerir í raun enn um hvað ætti til bragðs að taka þar sem lagaheimildir skorti algerlega til að bregðast við málum sem þessum. Ákvað því löskuð stjórn að leita til ÍSÍ og HSK til ráðlegginga og var það mat þeirra að stjórnin væri starfhæf þó fámenn væri. Var hún þannig skipuð fram að auka-aðalfundi sem formaður HSK hvatti stjórn til að halda þó engar heimildir í lögum væri fyrir slíkum fundi. Voru þær Guðjóna Björk Sigurðardóttir og Silja Runólfsdóttir sem starfað höfðu samhliða stjórn frá því um haustið kjörnar í stjórn.

**Starfandi stjórn frá auka-aðalfundi 9.10.2022**
Silja Runólfsdóttir- formaður
Guðjóna Björk Sigurðardóttir- gjaldkeri
Dagrún Ösp Össurardóttir- ritari
María Rún Þorsteinsdóttir- meðstjórnandi
Þorsteinn T. Ragnarsson -meðstjórnandi

Árið 2022 var að mörgu leiti mjög erfitt ár fyrir Íþróttafélagið Hamar. Eins og alþjóð veit misstum við mestan hluta íþróttaaðstöðu félagsins í óveðri í febrúar og hefur það verið vandasamt verk að halda úti starfsemi félagsins í þessu ástandi. Stjórn Hamars hefur þurft að vinna mikla vinnu til aðstoðar flestum deildum til að geta boðið upp á óskerta þjónustu, sem alltaf var markmiðið og hefur gengið að mestu leyti afskaplega vel. Það sannaðist enn og aftur að þegar verst fer þá standur fólk best saman.

Samvinna milli deilda hefur aukist til muna og allir, stjórnarliðar, þjálfarar og foreldrar, hafa unnið þrekvirki við að halda starfinu úti við þessar aðstæður en það hefur gengið.

Stjórn Hamars setti á laggirnar fjölgreinaverkefnið Áfram Hamar þar sem 6-7 ára iðkendum stendur til boða að æfa alllar íþróttir sem félagið hefur upp á að bjóða fyrir eitt verð einu sinni í viku. Börnin geta því æft fimm daga vikunnar í klukkutíma í senn mismunandi greinar. Verkefnið hefur nú gengið eina önn, frá hausti að áramótum og langt komið inn í aðra önnina og er óhætt að segja að það hafi tekist frábærlega vel þó enn sé þetta í þróunar og lærdómsferli. Foreldrar hafa tekið þessu vel og hefur orðið umtalsverð umstokkun á dreifingu iðkenda eftir íþróttagreinum. Fámennu deildirnar hafa blómstrað í þessu verkefni og hafa aldrei fleiri æft, sund, badminton eða blak í þessum aldursflokki frá upphafi. Það verður gaman að sjá verkefnið þróast áfram og fylgjast með skiptingu á milli deilda þegar fram líða stundir.

Knattspyrnudeild Hamars fékk eftirtektaverða viðurkenningu sem Grasrótarfélag ársins 2022 fyrir þrautsegju í starfi yngri flokka við erfiðar aðstæður. Það er nefnilega með miklum ólíkindum hvað vel hefur gengið að halda starfinu gangandi og hvað hægt er gera margt gott í erfiðri stöðu.

Þetta ár 2023 verður að líkindum svipað árinu á undan og þarf allt Hamarsfólk að snúa bökum saman og halda starfinu sem best úti og koma í veg fyrir frekari fækkun iðkenda en árið 2022 varð hátt í 20% fækkun og er það fyrst og fremst aðstöðuleysi um að kenna. Við munum vera mörg ár að jafna okkur á þessari fækkun ef ástandið dregst enn frekar á langinn.

Fh, stjórnar Hamars í Hveragerði

Silja Runólfsdóttir
Guðjóna Björk Sigurðardóttir
Dagrún Ösp Össurardóttir
María Rún Þorsteinsdóttir
Þorsteinn T. Ragnarsson

# Ársskýrslur deilda

Að venju segja stjórnir deilda frá árinu sem leið. Stórir áhrifaþættir hafa hafa áhrif á starfið einsog covid og fall íþróttahússins upp í dal.  Margt jákvætt skapast þó í erfiðum aðstæðum einsog samvinna, útsjónarsemi og gleði og má segja að það hafi verið leiðarljós Hamars á þessu ári.

## Badmintondeild

Í stjórn Badmintondeildar Hamars 2022-2023 sem tók við störfum í febrúar 2022, voru Ólafur Dór Steindórsson formaður, Halldóra G. Steindórsdóttir gjaldkeri, Hrund Guðmundsdóttir, Hákon Fannar Briem og Þórður K Karlsson. Halldóra og Þórður gefa ekki kost á sér áfram í stjórn og er þeim innilega þakkað fyrir óeigingjörn störf í árabil.




Þjálfari deildarinnar var Róbert Bergmann Eiríksson og stóð hann sig með miklu prýði við erfiðar aðstæður. Iðkendafjöldi deildarinnar var meiri en undanfarin ár, er þar vert að minnast á fjölda stelpna sem æfa hjá okkur, Hamar er með einn fjölmennasta hóp landsins í þeim efnum, á nýliðnu Tvíliðaleiksmóti BH voru flestir iðkendur í U-13 ára stelpuflokk frá Hamri. Róbert var mjög duglegur við að fara með krakkana á mót og eru verðlaunapeningarnir sem Hamar vann fleiri en hægt er að minnast á hér. Mikil stemning getur oft myndast í kringum þessi mót og söknum við sárt að geta ekki haldið Kjörísmótið okkar lengur sökum aðstöðuleysis, það mót var ætíð vel sótt af öðrum félögum og góð fjáröflun fyrir deildina.

Farið var í eina dósasöfnun þetta árið sem er ekki nógu gott, en hörkuduglegir krakkar og foreldrar mættu út í vetur og söfnuðu helling af dósum fyrir deildina. Þessar fjáraflanir eru okkur mikilvægar og verðum við að gera betur úr á næsta ári.

Hrund Guðmundsóttir var tilnefnd í kjöri til íþróttamanns Hveragerðis 2022 en hún varð Íslandmeistari í 2. deild í tvíliðaleik kvenna síðastliðið vor, og komst þar einnig í undanúrslit í tvenndarlek í 2.deild. Hrund tók þátt í Íslandsmóti öldunga í fyrsta skipti og komst þar í undanúrslit í flokki 35+ í öllum greinum.

Úlfur Þórhallson fékk viðurkenningu fyrir árangur sinn í badminton frá Hveragerðisbæ fyrir tímabilið 2022. Hann hefur verið í unglingalandsliðshópum BSÍ og verið með þeim bestu á landinu á hans aldri.

Fjárfest var í svokölluðum “robot” eða vél sem skýtur flugum eftir forstilltum æfingum yfir völlinn og er slíkt tæki dýrmætt að eiga. Bæði léttir þetta á þjálfurum og gefur okkur kleyft að hafa bæði fjölbreyttar og hárnákvæmar æfingar við bestu mögulegu tækni.

Skemmst er að segja frá því að aðstöðuleysi hefur háð okkur í allan vetur og er ljóst að slíkt ástand verður ekki viðunandi lengi, Róbert hefur unnið hetjulega úr þeim spilum sem hann hefur haft á hendi í vetur og þökkum við honum innilega fyrir frábær störf.

F.h Badmintondeildar Hamars
Ólafur Dór Steindórsson

## Blakdeild

Stjórn blakdeildar Hamars árið 2022 skipuðu Hafsteinn Valdimarsson (formaður), Bryndís Sigurðardóttir (gjaldkeri), Matthea Sigurðardóttir, Guðmundir Vignir Sigurðsson og Hilmar Sigurjónsson.



Árið 2022 var mjög gott blakár fyrir blakdeild Hamars, við kvöddum endanlega Covid sem var búið að herja á landsmenn síðustu tvö árin og gátum við því haldið Kjörísmót og farið á Öldungamót í fyrsta sinn í tvö ár.

Hamar sendi þrjú lið til leiks á HSK mótið á síðasta ári og endaði kvennalið Hamars í öðru sæti og B liðið okkar hafnaði í sjöunda sæti. Karlalið Hamars sigraði sína leiki og varð HSK meistari 2022. Tvö kvennalið og eitt karlalið kepptu á HSK mótinu í fyrri umferð mótsins í haust og stóðu sig mjög vel en karlalið Hamars og A lið kvenna unnu alla sína leiki á meðan B-liðið nældi sér í mikilvæga reynslu. Seinni umferðin er þó enn eftir og vonumst við eftir góðum úrslitum þar.

Karlalið Hamars tók þátt í efstu deild og gerði sér lítið fyrir og vann alla titla sem í boði voru annað árið í röð. Þeir urðu þar með deildar-bikar og Íslandsmeistarar en á haustmánuðum bættist einnig við meistarar meistaranna sem liðið hefur einnig unnið tvö ár í röð. Hamar telfdi einnig fram kvennaliði á Íslandsmóti í þriðju deild kvenna á síðasta tímabili stóð liðið sig mjög vel og endaði í 6. sæti deildarinnar. Liðið er aftur með í ár og stendur sig frábærlega í ár og hafa þær hingað til sigrað alla sína leiki og leika til úrslita um miðjan mars.

BLÍ tilkynnti eftir tímabilið hvaða leikmenn hefðu staðið sig best að mati fyrirliða og þjálfara úrvalsdeildanna. 5 Hamarsmenn hlutu verðlaun og skipuðu lið ársins: Damian (uppspil), Hafsteinn (miðja), Kristján (miðja), Ragnar Ingi (liberó) og Jakub (kantur). Kristján var síðan einnig stigahæstur í hávörn. Ragnar Ingi var síðan

valinn íþróttamaður Hamars árið 2022. Hamar átti svo einnig fjóra fulltrúa í liði fyrri helmings íslandsmótsins sem tilkynnt var í janúar síðastliðnum. Það voru þeir Hafsteinn og Ragnar ásamt Hubert sem var besti uppspilarinn og Tamas sem var valinn besti þjálfarinn.

Skipt var um þjálfara fyrir þetta tímabil en Radoslaw Rybak lét af störfum eftir tveggja ára starf og þökkum við honum fyrir vel unnin störf og fyrir að hjálpa til við að koma Hamar á kortið í blakinu á Íslandi. Það var Tamas Kaposi sem var ráðinn í stað hans og þjálfar hann bæði karla og konur ásamt því að þjálfa krakkana hjá Hamri líka.

Krakka og unglingastarfið er einnig í fullum gangi og sendum við eitt stelpulið til leiks á unglingamóti HSK, þær gerðu sér lítið fyrir og nældu sér í bronsverðlaun á sínu fyrsta móti. Iðkendum fer fjölgandi og vinna allir hörðum höndum að því að stækka og bæta krakka og unglingastarfið okkar.

Það er nóg framundan hjá deildinni en ný stjórn hefur haft í nægu að snúast á sínu fyrsta ári og nóg af spennandi verkefnum framundan. Íslandsmótið og bikarkeppnin er enn í fullum gangi og þar ætla Hamarsmenn sér að verja sína titla og halda þeim í Hveragerði annað ár. Einnig er Öldungamót og Kjörísmót framundan og því ljóst að það er nóg af skemmtilegum verkefnum sem bíða blakara á komandi ári.

Samstarf stjórnarinnar gekk vel á árinu og fundaði stjórnin reglulega. Vilja þau þakka iðkenndum, þjálfurum, foreldrum og öðrum sem komið hafa að starfi deildarinnar fyrir samstarfið síðastliðið ár og hlakka til komandi verkefna á nýju starfsári.

## Fimleikadeild

Veturinn 2022 byrjaði með takmörkunum vegna covid og því byrjuðu æfingar seinna en áætlað var. Í janúar átti Haustmótið í hópfimleikum að fara fram, en því var frestað frá árinu 2021 vegna covid, en það var síðan fellt niður af sömu ástæðu.




Aðalfundur fimleikadeildarinnar var haldinn þann 8. febrúar 2022.

Þann 22. febrúar fauk dúkurinn af Hamarshöllinni. Þetta hafði mikil áhrif á starf deildarinnar og skemmdist stór hluti áhalda deildarinnar í óveðrinu. Yngstu hópar deildarinnar, auk parkour, færðu æfingar sínar yfir í íþróttahúsið við Skólamörk. Keppnishópar fengu að æfa í fimleikasalnum í Þorlákshöfn og fóru þangað með rútu þrisvar sinnum í viku.

Þann 8. mars var fimleikadeildin með dósasöfnun.

Helgina 11. – 13. mars fór fram bikarmót í stökkfimi og hópfimleikum. Fimleikadeildin sendi tvö lið á mótið, annað liðið í 4. flokk í stökkfimi og hitt í 5. flokk í hópfimleikum. Um var að ræða frumraun beggja flokka á móti en gríðarleg ánægja er innan deildarinnar með að fara aftur af stað með keppnishópa í hópfimleikum eftir langa hvíld. Stúlkurnar í 5. flokki kepptu í hópfimleikum á laugardeginum og kepptu þær í dansi, trampólíni og æfingum á dýnu. Þær stóðu sig með stakri prýði, enduðu í 10. sæti og fengu sérstakt hrós fyrir frammistöðu í dansi. Stúlkurnar úr 4. flokki kepptu á sunnudeginum í sömu æfingum en þær kepptu í stökkfimi. Þær sýndu frábæra frammistöðu í öllum æfingum og uppskáru sigur á öllum áhöldum. Hamar urðu því bikarmeistara í stökkfimi í 4. flokki, sem verður að teljast frábær árangur.

Fimleikadeildin tók þátt í fjáröflun sem Hamri bauðst og fólst í því að skera niður dúkinn af Hamarshöllinni og selja áhugasömum.

Helgina 20. – 22. maí sendi deildin tvö lið að keppa á vormótinu í stökkfimi og hópfimleikum. Liðin kepptu í 4. flokk í stökkfimi og 5. flokk í hópfimleikum. Bæði liðin stóðu sig ótrúlega vel og endaði liðið í 4. flokk í öðru sæti samanlagt, en í fyrsta sæti á gólfi. Liðið sem keppti í hópfimleikum endaði í 4. sæti samanlagt í B-deild en í öðru sæti bæði á gólfi og trampólíni. Ótrúlega flottur árangur hjá báðum liðum.

Haldin voru sumarnámskeið fyrir keppnishópa þar sem var farið vel í grunnæfingar, æfingar fóru fram í íþróttahúsinu við Skólamörk.

Þann 23. ágúst var fimleikadeildin með dósasöfnun.

Haustmót í hópfimleikum fór fram helgina 11. – 13. nóvember og sendi deildin eitt lið í 4. Flokk á það mót. Liðið endaði í 8. sæti á mótinu af 28 liðum, sem skilaði liðinu sæti í A-deild fyrir tímabilið. Fyrir gólfæfingar fékk liðið einkunnina 11.300 sem var þriðja hæsta einkunnin á gólfi og verður það að teljast ótrúlega flottur árangur.

Haustönnin endaði með því að allir hópar fengu mandarínur eða piparkökur og mjólk, fóru í leiki og áttu saman góða stund á sinni síðustu æfingu fyrir jólafrí.

Í lok árs 2022 voru eftirfarandi í stjórn: Íris Ósk Erlingsdóttir (gjaldkeri), Valgerður Rut Jakobsdóttir (ritari), Katrín Eik Össurardóttir (meðstjórnandi) og Fríða Margrét Þorsteinsdóttir (meðstjórnandi).

Þjálfarar á árinu 2022 voru Aníta Líf, Arnar Eldon, Árni Busk, Elísa Mist, Erla Lind, Ester Lóa, Karen Guja, Hekla Björt, íris, Jamie og Svafar.

## Knattspyrnudeild

Þrátt fyrir ýmsar brekkur þá hefur starf knattspyrnudeildar gengið nokkuð vel undanfarið ár. Aðstöðuleysi hefur sett svip sinn á starf deildarinnar, en þjálfarar og iðkendur hafa staðið sig með stakri prýði í því að aðlagast nýjum og krefjandi aðstæðum hverju sinni, og eiga þau öll mikið hrós skilið fyrir. Iðkendum hefur fjölgað lítillega á milli ára og hafa flokkarnir staðið sig vel bæði í æfingu og keppni. Meistaraflokkar félagsins tóku þátt í Íslandsmóti og var mikil stemning í kringum liðin, sérstaklega á heimaleikjum á Grýluvelli. Rekstur deildarinnar hefur gengið nokkuð vel, fjáraflanir deildar og styrkir frá velunnurum hafa gert það að verkum að hægt er að reka deildina ár frá ári og vill stjórnin og deildin öll þakka þeim sem lögðu hönd á plóg með einum eða öðrum hætti.

## Yngri flokkar



Yngri flokkar héldu áfram að vaxa og dafna á árinu sem er að líða. Mikið var lagt upp úr því að halda uppi metnaðarfullu starfi þrátt fyrir aðstöðuleysi og íslenska veðráttu. Þjálfarar hafa unnið gríðarlega óeigingjarnt starf, sem hefur skilað sér í góðum æfingum og frábærum árangri í sumar. Flokkarnir fóru flestir á stórmót í sumar þar sem keppnin bar fegurðina sjaldnast ofurliði, og iðkendur sköpuðu minningar sem fylgja þeim út ævina. Auk þessa tóku allir flokkar þátt í íslandsmóti í sumar og stóðu sig stórvel. Þar ber helst að nefna 4. flokk karla sem komst alla leið í úrslitakeppni íslandsmótsins. 3. Flokkur kvenna var svo stofnaður í fyrsta sinn á haustmánuðum sem er mikið fagnaðarefni. Markmið deildarinnar hefur verið, og verður áfram, að skapa grundvöll fyrir unga iðkendur til þess að æfa og spila knattspyrnu í heimabyggð upp alla yngri flokka og upp í meistaraflokk

.

## Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og á Íslandsmóti á síðasta ári. Liðið varð fyrir áfalli rétt fyrir mót þegar þáverandi þjálfari liðsins þurfti að láta af störfum vegna anna, og var nýr maður fundinn í hans stað, en lið og þjálfari fengu þess vegna takmarkaðan tíma til að undirbúa sig fyrir tímabilið. Liðið átti erfitt uppdráttar í sumar og endaði í næst neðsta sæti deildarinnar. Straumhvörf urðu svo í haust þegar stór hópur leikmanna ákvað að leggja skóna á hilluna og aðrar ákváðu að róa á önnur mið. Eftir ítrekaðar tilraunir til að ráða þjálfara og finna leikmenn þurfti kvennaliðið því miður að leggja upp laupana í bili. Stofnað hefur verið meistaraflokksráð sem hefur það að markmiði að stofna liðið á ný sem fyrst. Síðan liðið var stofnað sumarið 2019 hafa stelpurnar verið til fyrirmyndar innan sem utan vallar, verið ómetanlegar fyrirmyndir fyrir unga knattspyrnuiðkendur, og hefur iðkendum í kvennaflokkum fjölgað töluvert mikið síðan þá.

## Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla fór inn í tímabilið með háleit markmið. Þeir tóku þátt í Lengjubikar, Mjólkurbikar og á Íslandsmóti. Eftir ágætis spilamennsku yfir sumarið enduðu strákarnir í 3. Sæti í sínum riðli í 4. Deildinni og náðu því ekki inn í úrslitakeppni, sem hafði verið markmið liðsins fyrir tímabil. Í kjölfar þessa sagði þjálfari liðsins upp störfum og miklar breytingar urðu á hópnum. Margir ungir leikmenn fengu tækifæri í liðinu og urðu lykilmenn í liðinu í sumar. Einn þeirra, Atli Jónasson var svo valinn leikmaður ársins og var fenginn til Bestu deildar liðs HK í haust. Þetta er mikið fagnaðarefni fyrir félagið sem vill gefa ungum leikmönnum tækifæri á að vaxa og taka næsta skref á sínum ferli.

# Körfuknattleiksdeild

## Yngri flokkar

Körfuknattleiksdeild Hamars heldur úti starfi sínu í Hveragerði ásamt því að vera í góðusamstarfi við nágranna okkar í Þorlákshöfn. Byrjað var með fjölgreina verkefni í Hamar þar sem yngstu iðkendur deildarinnar mæta í körfubolta 1x í viku og eru æfingarnar kynjaskiptar. Þetta fyrirkomulag virkar vel og eru iðkendur rúmlega 40 talsins. Þar á eftir kemur 3 & 4 bekkur sem æfir í Hveragerði 3x í viku. Við höfum náð að halda úti góðu starfi í eldri flokkum deildarinnar, frá MB10 og 11 ára og upp í 10 flokk og sent lið á Íslandsmót. Erum við með lið sameinuð við Þór til að halda úti góðum og sterkum liðum á mótum og hefur samstarfið gengið vel. Við horfum björtum augum á framhaldið hjá deildinni og vonandi heldur aukningin áfram í starfinu hjá okkur.




## Meistaraflokkur kvenna

Árið 2022 var Hamar áframhaldandi gott samstarf milli félaganna Hamars og Þórs og félögin sendu áfram sameiginlega til keppni liðið Hamar-Þór í 1. deild kvenna. Liðið náði góðum spretti undir lok tímabilssins 2022 og eftir mjög harða keppni um 4. sæti deildarinnar og einnig sæti í úrslitakeppni um laust sæti í efstu deild náði Hamar-Þór markmiðum sínum og komst í úrslitakeppni. Liðið vann fyrsta leik úrslitakeppninnar en varð svo fyrir áfalli þegar annar erlendu leikmanna liðsins fór óvænt til síns heima. Liðið barðist hetjulega án síns sterkasta leikmanns en náði ekki að komast áfram í úrslitin.

Um sumarið gekk liðinu vel að undirbúa sig fyrir tímabilið 2022-23 og liðið bætti við sig nokkrum íslenskum leikmönnum, bæði heimastelpum og öðrum leikmönnum. Liðið mætti því vel mannað til leiks og með einn erlendan leikmann. 1. deild kvenna hefur sennilegast sjaldan verið sterkari og þetta tímabil, mjög jöfn 9 liða deild og bilið milli 1. deildar og efstu deildar ekki verið minna áður, sem sýndi sig best á því að tvö 1. deildar lið slógu út efstu deildar lið í bikarkeppninni og voru í 4ra liða úrslitum bikarkeppninnar í ár. Um áramót var liðið í 4-5 sæti deildarinnar og ljóst að keppni um úrslitakeppnissæti (4. sæti deildarinnar) myndi vera ströng á seinni hluta tímabilsins. Undir lok árs voru 7 leikmenn liðsins boðaðir í æfingahópa u-16 og u-18 ára landsliðs stúlkna, sem er mikill heiður fyrir þetta unga og efnilega lið.

## Meistaraflokkur karla

Tímabilið 2021-2022 var erfitt tímabil fyrir meistaraflokk karla. Liðið vann einungis 4 leiki af 27 en liðið slapp þó við að falla niður í aðra deild. Það var því tekin ákvörðun um að skipta um þjálfara og tók Halldór Karl Þórsson við liðinu fyrir tímabilið 2022-2023 en honum til aðstoðar er Snorri Þorvaldsson. Hans fyrsta verk var að fá aftur Ragnar Ágúst Nathanaelsson til liðsins sem hefur reynst mikill fengur. Hvergerðingarnir Ragnar Ágúst og Björn Ásgeir Ásgeirsson hafa leikið gríðarlega vel fyrir Hamarsliðið í vetur og gaman að sjá uppalda hvergerðinga spila stórt hlutverk í sterku liði Hamars. Liðið hefur spilað vel á þessu tímabili og unnið 17 af 21 leikjum sínum á tímabilinu. Liðið stefnir upp í deild þeirrar bestu en það er mikil samkeppni um þau tvö lausu sæti sem eru í boði. Það er bjart yfir körfuboltanum í Hveragerði þessa dagana og vonandi mun það halda áfram að aukast.

# Sunddeild



Aðalfundur Sunddeildar Hamars var haldinn þann 15. febrúar 2022. Þá náðist loks að manna stöðu gjaldkera í stjórninni. Við þeirri stöðu tók Sólveig Dröfn Andrésdóttir. Stjórn sunddeildar Hamars var því þannig skipuð á síðastliðnu ári Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, formaður, Sólveig Dröfn Andrésdóttir, gjaldkeri og Pétur Guðmundson meðstjórnandi.

Það verður að segjast eins og er að undanfarin ár hafa ekki staðið með okkar litlu deild því margt utanaðkomandi hefur herjað á hana sem hefur gert starfið mjög erfitt. Byrjun ársins 2022 litaðist eins og undanfarin ár af hinum erfiða Covid-heimsfaraldi og ekki bætti það úr skák að erfitt var að halda hitastigi laugarinnar góðu svo hægt væri að halda úti æfingum. Það er sem betur fer ávallt lítill, en frábær hópur af krökkum sem iðkar sundíþróttina af miklu kappi og þau standa sig gríðarlega vel á æfingum og bæta sína færni í sundinu jafnt og þétt. Magnús Tryggvason heldur eins og venjulega vel utan um alla þjálfun í deildinni. Það breyttist fyrirkomulag skráninga hjá yngstu iðkendum deildarinnar í haust þegar Íþróttafélagið Hamar setti í gang fjölgreinaþjálfun fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Þau börn sem þar velja sund æfa nú 1x í viku á föstudögum og var ótrúlega góð þátttaka þar eða vel yfir 20 börn á haustönninni.

Það ótrúlega gerðist á árinu að það náðist að halda þrenn sundmót hjá HSK. Aldursflokkamót var haldið á Hvolsvelli í maí og áttum við þónokkra þáttakendur þar. Við héldum Héraðsmót HSK hér í Laugaskarði í júní og þar kepptu nokkrir af okkar iðkendum. Við áttum okkar fulltrúa í sundinu á Unglingalandsmótinu á Selfossi sem stóðu sig vel. Á Ungingalandsmótinu voru einnig fulltrúar okkar sunddeildar sem stóðu vaktina í starfinu við sundmótið. Virkilega vel heppnað unglingalandsmót sem hafði verið beðið lengi eftir.

Í desember náðist svo loks að halda Unglingamót HSK á Selfossi og áttum við þar okkar fulltrúa af yngri kynslóðinni, enginn af okkar eldri þáttakendum syntu til stiga en til þess þurfa þau að vera orðin 10 ára. Á öllum þessum mótum stóðu krakkarnir okkar sig gríðarlega vel og náðu mörg að bæta sig persónulega í sundinu. Það er einnig alltaf persónulegt afrek að taka þátt í sundmóti og keppa við aðra.

Þegar leið á árið 2022 og allar takmarkanir féllu niður þá fór að komast eðlilegt horf á starf deildarinnar. Margt af innra starfi deildarinnar náðist að framkvæma eins og páskasund, vorferð, sumarslútt og spila-kvöld. Loksins í desember náðist að hafa kertasundið hjá eldri iðkendum eftir langt hlé. Þar með hófst langur kuldakafli og hefur hann litað okkar starf mikið og laugin verið oft ansi köld fyrir sundæfingar. Okkar deild er alltaf að reyna að fjölga iðkendum og höfum við verið að berjast við það að iðkendur hafi dottið út úr okkar deild. Hvort sem það er covid eða aðstæðurnar með laugina er erfitt að geta til um, en við berjumst áfram í því að fjölga iðkendum og halda starfi deildarinnar á lofti.

Að halda úti starfi deilda í íþróttafélagi kreftst mikillar samvinnu við marga aðila. Þar eigum við í sund-deildinni sem betur fer marga góða að svo hægt sé að bjóða upp á æfingar í sundi. Stjórnin vill þakka þjálf-ara, iðkendum, foreldrum og starfsfólki Laugaskarðs fyrir öflugan stuðning. Sundhöll Selfoss og Sunddeild Selfoss sem og aðrir samstarfsaðilar fá þakkir fyrir gott samstarf.

Framundan er bjart sundár og megi starfsemi sunddeildar Hamars dafna enn frekar á nýju ári.

Hveragerði 15. febrúar 2023.

Fyrir hönd stjórnar sunddeildar Hamars,
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir
formaður.

# ÁRSREIKNINGAR AÐALSTJÓRNAR HAMARS OG DEILDA 2022

# Ársreikningur Badmintondeild

## Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Æfingagjöld ........ | | 754.854 | 759.384 |
| Styrkur frá Hamar ........ | | 1.768.866 | 853.100 |
| Tekjur af mótahaldi ........ | | 0 | 183.800 |
| Fjáröflun ........ | | 154.757 | 433.254 |
| **Tekjur samtals:** | | 2.678.477 | 2.229.538 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Áhaldakaup ........ | | 0 | 186.134 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar ........ | | 23.400 | 26.245 |
| Þjálfunarkostnaður ........ | | 1.215.887 | 1.506.668 |
| Ferðakostnaður ........ | | 10.000 | 0 |
| Búningakaup ........ | | 273.520 | 245.823 |
| Námskeiðskostnaður ........ | | 36.390 | 56.000 |
| Þátttaka í mótum ........ | | 248.295 | 229.012 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | | 0 | 33.631 |
| Afskriftir ........ | | 33.150 | 100 |
| **Gjöld samtals:** | | 1.840.642 | 2.283.613 |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða** | | 837.835 | (54.075) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármagnstekjur ........ | | 4.673 | 3.992 |
| Fjármagnsgjöld ........ | | (1.031) | (878) |
| | | 3.642 | 3.114 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 841.477 | (50.961) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Tækjaeign | 629.850 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 60.000 | 213.800 |
| Bankareikningur 1 | 2.250.666 | 1.502.097 |
| Bankareikningur 2 | 1.843 | 240.411 |
| Bankareikningur 3 | 1.938 | 1.929 |
| **Eignir** | 2.944.297 | 1.958.237 |

# 31. desember 2022

| Eigið fé og skuldir | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap) | 1.958.237 | 2.009.198 |
| Hagnaður (tap) ársins | 841.477 | (50.961) |
| Eigið fé | 2.799.714 | 1.958.237 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir | 144.583 | 0 |
| | 144.583 | 0 |
| Skuldir | 144.583 | 0 |
| **Eigið fé og skuldir** | 2.944.297 | 1.958.237 |

# Ársreikningur Blakdeild – Úrvalsdeild

## Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Styrkir og gjafir ........ | | 3.035.535 | 4.341.471 |
| Styrkur frá Hamar ........ | | 1.930.977 | 1.030.000 |
| Tekjur af mótahaldi ........ | | 232.072 | 63.500 |
| Aðrar tekjur ........ | | 1.461.433 | 0 |
| **Tekjur samtals:** | | 6.660.017 | 5.434.971 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður vegna móta ........ | | 0 | 26.185 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar ........ | | 170.547 | 25.891 |
| Þjálfunarkostnaður ........ | | 4.489.187 | 2.524.000 |
| Ferðakostnaður ........ | | 671.399 | 1.230.491 |
| Búningakaup ........ | | 0 | 225.173 |
| Aðildagjöld ........ | | 0 | 385.890 |
| Þátttaka í mótum ........ | | 385.780 | 0 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ........ | | 0 | 93.741 |
| Þjónustu- og vaxtagjöld ........ | | 0 | 15.097 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | | 139.143 | 924.981 |
| **Gjöld samtals:** | | 5.856.056 | 5.451.449 |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða** | | 803.961 | (16.478) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármagnstekjur ........ | | 1.863 | 420 |
| Fjármagnsgjöld ........ | | (6.573) | 0 |
| | | (4.710) | 420 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 799.251 | (16.058) |

# Efnahagsreikningur

| **Eignir** | **31.12.2022** | **31.12.2021** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 1.228.252 | 0 |
| Bankareikningur 1 | 686.949 | 585.012 |
| **Eignir** | 1.915.201 | 585.012 |

# 31. desember 2022

| **Eigið fé og skuldir** | **31.12.2022** | **31.12.2021** |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap) | 300.062 | 316.120 |
| Hagnaður (tap) ársins | 799.251 | (16.058) |
| Eigið fé | 1.099.313 | 300.062 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Ógreitt vegna starfsmanna | 666.398 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 149.490 | 284.950 |
| | 815.888 | 284.950 |
| Skuldir | 815.888 | 284.950 |
| **Eigið fé og skuldir** | 1.915.201 | 585.012 |

# Blak yngri flokkar
# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Æfingagjöld | | 1.337.265 | 885.105 |
| Styrkir og gjafir | | 339.433 | 180.666 |
| Styrkur frá Hamar | | 821.777 | 599.751 |
| Tekjur af mótahaldi | | 167.850 | 184.873 |
| Fjáröflun | | 385.833 | 20.604 |
| **Tekjur samtals:** | | 3.052.158 | 1.870.999 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður vegna móta | | 176.334 | 48.209 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | | 0 | 147.000 |
| Þjálfunarkostnaður | | 2.664.294 | 2.074.500 |
| Ferðakostnaður | | 0 | 29.161 |
| Aðildagjöld | | 0 | 38.181 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 0 | 29.008 |
| Þjónustu- og vaxtagjöld | | 0 | 13.524 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 277.918 | 361.560 |
| **Gjöld samtals:** | | 3.118.546 | 2.741.143 |
| **Hagnaður (tap) án fjármagnsliða** | | (66.388) | (870.144) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Fjármagnstekjur | | 1.560 | 594 |
| Fjármagnsgjöld | | (9.476) | (130) |
| | | (7.916) | 464 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | (74.304) | (869.680) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur ........................................................ | 476.226 | 0 |
| Bankareikningur 1 .................................................... | 1.474.256 | 365.554 |
| Bankareikningur 2 .................................................... | 26.749 | 38.476 |
| Bankareikningur 3 .................................................... | 111.256 | 0 |
| **Eignir** | 2.088.487 | 404.030 |

# 31. desember 2022

| Eigið fé og skuldir | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap) ............................ | 324.030 | 1.193.710 |
| Hagnaður (tap) ársins ................................................ | (74.304) | (869.680) |
| Eigið fé | 249.726 | 324.030 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir ........................................................ | 1.228.252 | 0 |
| Ógreitt vegna starfsmanna ....................................... | 610.509 | 80.000 |
| | 1.838.761 | 80.000 |
| Skuldir | 1.838.761 | 80.000 |
| **Eigið fé og skuldir** | 2.088.487 | 404.030 |

# Ársreikningur Fimleikadeild

## Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Æfingagjöld | | 4.410.279 | 5.897.834 |
| Styrkir og gjafir | | 0 | 200.000 |
| Styrkur frá Hamar | | 3.421.379 | 2.057.492 |
| Fjáröflun | | 788.560 | 1.635.337 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 135.180 |
| **Tekjur samtals:** | | 8.620.218 | 9.925.843 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður vegna móta | | 215.000 | 0 |
| Áhaldakaup | | 375.080 | 445.046 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | | 57.841 | 66.103 |
| Þjálfunarkostnaður | | 6.639.428 | 7.415.495 |
| Búningakaup | | 75.065 | 109.175 |
| Aðkeypt vinna | | 0 | 100.000 |
